

Nr. 032/10 Sæbjörn ÍS 121**Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 1862
 Smíðaður: Hafnarfirði 1987, stál
 Stærð: 11,3 brl. 21,1 bt.
 Mesta lengd: 13,63 m Skráð lengd: 13,37 m
 Breidd: 3,81 m Dýpt: 1,9 m
 Vél: Mitsubishi 178 kW, 2004
 Fjöldi skipverja:



Sæbjörn©Guðmundur St Valdimarsson

Skipaskr.nr. 2349
 Smíðaður: Hafnarfirði 1999, plast
 Stærð: 10,2 brl. 11,3 bt.
 Mesta lengd: 11,48 m Skráð lengd: 11,43 m
 Breidd: 2,80 m Dýpt: 1,27 m
 Vél: Yanmar 276 kW, 2001
 Fjöldi skipverja:



Hesteyri, tjón sést á listanum©Lögreglan

Gögn:
 Lögregluskýrsla

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. mars 2010 var Sæbjörn ÍS 121 á leið úr höfn á Bolungarvík.

Á siglingunni rakst hleri á skut Sæbjörns ÍS utan í bakborðshlið Hesteyrar ÍS 95, sem lá í höfninni, með þeim afleiðingum að Hesteyrin skemmdist. Skipstjórinn sagði ís hafa verið í höfninni og þegar stefni bátsins hafi rekist í ísskörina hafi hann snúist með fyrrgreindum afleiðingum. Ekki urðu skemmdir á Sæbirni ÍS.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.